

Sp.
um friðun Faxaflóa.

799. Þingsályktun

[151. mál]

(Afgreidd frá Sp. 16. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga, hvort auðið sé að ákveða nú þegar með reglugerð samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, að Faxaflói allur, innan línu, sem dregin er frá Reykjanestá í Geirfuglasker og þaðan að Öndverðarnesi, verði friðaður fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum.